

Notandi: Olof.Magnusdottir@reykjavik.is

Dagsetning: 18.6.2020 16:39:24

Til: "USK Þjónustu netfang" <usk@reykjavik.is>

Efni: Fw: BORGARRÁÐ 26. mars 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um frestun árlegs hundaeftirlitsgjalds - R20010132

Tilvísun í mál: R20010132

Sæl

Meðfylgjandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins er send heilbrigðiseftirliti til umsagnar. Óskað er eftir að umsögn berist borgarráði innan þriggja vikna.

Kveðja,

Ólöf Magnúsdóttir

Skrifstofa borgarstjórnar

Ráðhús Reykjavíkur

s. 411 4703

olof.magnusdottir@reykjavik.is

R20010132

BORGARRÁÐ 26. mars 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um frestun árlegs hundaeftirlitsgjalds - R20010132

BORGARRÁÐ 26. mars 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um frestun árlegs hundaeftirlitsgjalds - R20010132

Flokkur fólksins leggur til að innheimtu árlegs hundaftirlitsgjalds verði frestað þar til stýrihópur sem endurskoðar reglur um dýrahald hefur lokið störfum. Ítrekað hefur komið fram hin megna óánægja sem ríkir með árlegt hundaftirlitsgjald. Flokkur fólksins hefur ítrekað spurt um í hvað þessi gjöld fara nákvæmlega. Svörin eru ekki fullnægjandi og finnst sem gæti varna í umsögnum og viðbrögðum

Heilbrigðiseftirlitsins. Greiðendur hundaftirlitsgjalds telja margir að dæmið gangi ekki upp sama hvaða reikningskúntir eru notaðar. Hundaeigendur greiða um 35 milljónir á ári í hundaleyfisgjöld en samt er það staðfest að verkefni eftirlitsins hefur fækkað til muna og umfang starfs hundaftirlistmanna þar með. Flokkur fólksins hefur óskað eftir að fá upp á borð vinnuskýrslur til að sjá verkefni og umfang verkefna þeirra. Fyrirsjáanlegt er að þær fáist ekki framlagðar. Ef litið er nánar á tölur frá HER sést glögggt að verkefnum hefur fækkað mjög. Árið 2000 voru kvartanir um 1300. Árið 2012 milli 600 og 700, árið 2018 um 80 og árið 2019 um 84. Fjölda lausagönguhunda og hunda í hundageymslum hefur einnig fækkað. Frá 2010 var fjöldi hunda í hundageymslum 89 en árið 2016 11. Árið 2010 voru lausagöngumál 209 en árið 2016 vor lausagöngumál aðeins 62.



Efni: Svar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna tillögu um frestun árlegs hundaeftirlitsgjalds.

Vísað er í tölvupóst Skrifstofu borgarstjórnar dags. 18. júní 2020 þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) um tillögu áheyrnarfulltrúa Flokk fólksins um frestun árlegs hundaeftirlitsgjalds. Í tillögunni eru einnig ýmsar staðhæfingar sem ekki standast skoðun og verður ekki svarað hér, en bent er á að fyrri svör HER um það sem þar kemur fram og er m.a. hægt að sjá á heimasíðu HER

https://reykjavik.is/sites/default/files/USK/Heilbrigdiseftirlit/Hundar/fyrirspurnir_tillogur_og_svor.pdf

Varðandi árleg hundaeftirlitsgjöld þá kveður 12. gr. samþykktar um hundahald í Reykjavík nr. 478/2012 og 5. gr. gjaldskrár nr. 1189/2016 fyrir hundahald í Reykjavík á um að gjalddagi gjalda sé 1. mars árlega með eindaga 1. maí. Gjöld fyrir árið 2020 eru því þegar útsend.

Virðingarfyllt
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Árný Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri